

Sp. 125. Tillaga til þingsályktunar [122. mál]

um Orkubú Suðurnesja.

Flm.: Jóhann Einvarðsson, Ólafur G. Einarsson, Matthías Á. Mathiesen,
Salome Þorkeldsdóttir, Geir Gunnarsson, Kjartan Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til að semja frumvarp til laga um Orkubú Suðurnesja.

Nefndin skal þannig skipuð: Tveir fulltrúar tilnefndir af stjórn Hitaveitu Suðurnesja, tveir fulltrúar tilnefndir af stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og einn fulltrúi tilnefndur af iðnaðarráðuneytinu. Iðnaðarráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna.

Nefndin hraði svo störfum að frumvarp verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 100 31. des. 1974 var ákveðið að stofna Hitaveitu Suðurnesja, sem hafa skyldi það markmið að leysa húshitunarmál á Suðurnesjum. Eignaraðild að félaginu var ákveðin á þann veg, að sveitarfélögin sjö á Suðurnesjum skyldu hafa 60% eignaraðild en ríkið 40%. Í byrjun febrúar 1975 var stjórn félagsins skipuð og tók hún strax til starfa við uppbyggingu fyrirtækisins. Nú er þessu verkefni að mestu lokið, þar með talin tenging flugvallarsvæðisins. Jafnframt því meginmarkmiði að hita upp hús á svæðinu hefur H. S. framleitt raforku til eigin nota og fyrir almennan markað. Afkastagetan er nú 8 MW í þrem gufuhverflum (2×1 MW + 1×6 MW). Möguleikar eru nú á aukinni rafmagnsframleiðslu í Svartsengi án frekari borana um allt að 8—10 MW. Þá væri uppsett afl í Svartsengi komið í 16—18 MW og framleiðslugetan væri milli 80—90 Gwh á ári. Af meðfylgjandi töflu um raforkunotkun á Suðurnesjum árin 1978 til 1981 má sjá hve framleiðslugetan í Svartsengi gæti orðið stór hluti af raforkuþörfinni ef ráðist yrði í uppsetningu fjórða gufuhverfilsins.

Raforkunotkun á Suðurnesjum árin 1978—81.

	1978	1979	1980	1981 (áætlun)
Sveitarfélag:	Gwh	Gwh	Gwh	Gwh
Vatnsleysustr.	3.1	3.7	3.0	3.2
Njarðvík	10.6	10.5	9.9	10.3
Keflavík	29.5	27.3	25.9	27.0
Gerðahreppur	4.4	5.0	4.2	4.7
Miðneshreppur	4.7	5.4	5.5	5.7
Grindavík	9.4	9.4	8.4	9.4
Hafnahreppur + Leira og Grænás	1.7	1.8	1.7	1.8
	63,4	63,1	58,6	62,1
Keflavíkurflugvöllur	66.8	60.8	52.6	50.5
Alls	130.2	123.9	111.2	112.6

Hér hafa eingöngu verið nefndir þeir möguleikar til raforkuframleiðslu, sem fyrir eru nú í Svartsengi, en ekkert getið um aðra möguleika á raforkuframleiðslu á Suðurnesjum, sem taldir eru vera umtalsverðir, t. d. með tilkomu sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

Fyrirkomulag raforkudreifingar á Suðurnesjum er nú í aðalatriðum eftirfarandi:

1. Heildsalan er í höndum Landsvirkjunar, sem selur Rafmagnsveitum ríkisins orkuna, en þær selja síðan rafveitum sveitarfélaganna orkuna til dreifingar í smásölu til neytenda.
2. Rafmagnsveitur ríkisins annast þó smásöludreifinguna í Hafnahreppi og sölu til Keflavíkurflugvallar frá Riðbreytistöð.
3. Starfandi eru á svæðinu sex sveitarfélagarafveitur, en þær eru:

Rafveita Keflavíkur,

" Njarðvíkur,

" Grindavíkur,

" Miðneshrepps,

" Gerðahrepps,

" Vatnsleysustrandarhrepps.

Fram hafa farið allitarlegar umræður um sameiningu rafveitna sveitarfélaganna. Allir þeir, sem um málið hafa fjallað, hafa verið sammála um hagkvæmni sameiginlegrar rafveitu, enda liggja til þess mörg rök. Í viðræðum þeim, sem fram fóru milli sveitarfélaganna, kom fram að lítið var á sameiningu rafveitnanna sem áfanga að stofnun orkubús á Suðurnesjum.

Þeirri skoðun hefur aukist fylgi, að réttara væri að stíga skrefið til fulls og stofna Orkubú Suðurnesja með sameiningu Hitaveitu Suðurnesja og rafveitnanna og því er þessi tillaga flutt.